



Reykjavík, 18. nóvember 2020  
SFS2020080234  
196. fundur  
HG

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu biðlista eftir leikskóladvöl***

Á 194. fundi skóla- og frístundaráðs 27. október 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn.

*Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir því að fá stöðu biðlista eftir leikskólaplássi. Óskað er eftir sundurliðun eftir hverfum og ennfremur eftir aldri. Sérstaklega er óskað eftir að fá upplýsingar um hversu mörg börn 12 mánaða og eldri eru á biðlista og sömuleiðis hversu mörg börn 18 mánaða og eldri eru á biðlista. Óskað er eftir að þessar upplýsingar verði lagðar fram á næsta reglulega fundi ráðsins.*

Svar:

Aðalinnritun í leikskóla Reykjavíkur (inntaka í pláss árgangs elstu barna sem eru á leið í grunnskóla) fór fram í byrjun apríl 2020. Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu er miðað við að börn sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust. Var öllum börnum er uppfylltu það aldursviðmið 1. september 2020, auk barna sem hafa verið metin í forgangi, boðin leikskólavist. 1248 börn þáðu boðið. Þrettán börn voru enn á biðlista eftir að búið var að bjóða öllum börnum vist og eru ástæður helstar að foreldrar vildu bíða eftir ákveðnum leikskóla.

Við úttekt á biðlista eftir leikskóla 17. nóvember 2020 eru samtals 35 börn á biðlistanum sem voru orðin 18 mánaða 1. september sl. Um er að ræða nýjar umsóknir frá því að aðalinnritun fór fram auk þess sem enn getur verið að einhverjir foreldrar vilji bíða eftir ákveðnum leikskóla. Fyrirhugað er að hafa samband við þessa foreldra til að bjóða þessum börnum vistun í leikskóla hjá Reykjavíkurborg þó ekki sé hægt að bjóða pláss í þá leikskóla sem foreldrar skráðu í umsókn.

Nú er verið að innrita börn sem eru fædd í júní 2019 og fyrr. 258 börn sem voru yngri en 18 mánaða 1. september 2020 hafa hafið leikskóladvöl. Börn með umsókn (ný umsókn eða flutnings) sem eru fædd í júní 2019 og fyrr eru 394.

Í fyrirspurninni er óskað eftir upplýsingum um hversu mörg börn 12 mánaða og eldri og 18 mánaða og eldri séu á biðlista eftir leikskóla. Fjöldi umsókna fyrir börn sem voru orðin 18 mánaða 1. nóv. 2020 eru 73. Fjöldi umsókna fyrir börn sem voru orðin 12 mánaða 1. nóv. 2020 eru 510.

Í meðfylgjandi töflu er að finna upplýsingar um fjölda umsókna skipt eftir aldri barna og hverfum.

|                         | Börn á biðlista með<br>nýja umsókn 18<br>mánaða og eldri<br><b>1. september</b> | Börn á biðlista með nýja<br>umsókn 18 mánaða og<br>eldri<br><b>1. nóvember</b> | Börn á biðlista með<br>nýja umsókn<br>12 mánaða og eldri<br><b>1. nóvember</b> |
|-------------------------|---------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------|
| Vesturbær               | 4                                                                               | 15                                                                             | 69                                                                             |
| Miðborg Hlíðar          | 4                                                                               | 13                                                                             | 87                                                                             |
| Laugardalur og Háaleiti | 13                                                                              | 23                                                                             | 155                                                                            |
| Grafarvogur             | 2                                                                               | 6                                                                              | 66                                                                             |
| Árbær Grafarholt        | 8                                                                               | 9                                                                              | 64                                                                             |
| Breiðholt               | 4                                                                               | 7                                                                              | 69                                                                             |
| <b>Samtals</b>          | <b>35</b>                                                                       | <b>73</b>                                                                      | <b>510</b>                                                                     |